

fimm óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, er þess 172
 hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en nemi 10% af hinni 28. okt.
 ákveðnu skaðabótaupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

33. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu, eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara úr höfninni, meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarnefnd tekur gilda.

34. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10000 krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.
 Sektirnar renna í hafnarsjóð landshafnarinnar.

35. gr.

Með mál út af reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

36. gr.

Með reglugerð þessari eru úr gildi numin reglugerðarákvæði um hafnargjöld fyrir Keflavíkurkaupþún frá 22. janúar 1942, 11. maí 1942 og 30. sept. 1944.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 25 23. apríl 1946, um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 28. október 1949.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir flugvölinn í Keflavík, nr. 89 24. marz 1947.

173

31. okt.

Í stað „kr. 2.00“ í lið 6. Lóðarleiga, komi: kr. 0.50.

Gjaldskrárbreyting þessi er hér með sett samkvæmt 7. gr. laga nr. 24 12. febr. 1945, um flugvelli og landingarstaði fyrir flugvélar, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 31. október 1949.

Eysteinn Jónsson.

Páll Pálmason.